

Skattar á farþega skemmtiferðaskipa í Norður Evrópu

Meirihluti þeirra skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands sigla milli hafna í Norður Evrópu, því er mikilvægt að skoða fjærumhverfi geirans í heild á því svæði til að meta samkeppnishæfni Íslands sem ákjósanlegan áfangastað fyrir skemmtiferðaskip og farþega þeirra.

Þar sem um er að ræða mismunandi lönd, bæði utan og innan Evrópusambandsins, er um að ræða mismunandi útfærslur á skatti eða gjaldi sem leggst á farþega skemmtiferðaskipa. Í þessari samantekt er leitast við að samræma gjaldið í € miðað við gengi Seðlabanka Íslands október 2025, aðgreina hvort að skattur/gjald er einskiptis gjald eða leggst á við hverja nótt/dag og svo hvort að skattur/gjald renni í ríkissjóð eða í nærumhverfi sveitastjórna.

Samanburður á sköttum á farþega skemmtiferðaskipa í N Evrópu - 2025

Ísland	ISK 2.500 (€ 17,6) á hvern farþega á sólarhring ISK 400 (€ 2,8) á hvern farþega á sólarhring (hringsiglingar)	€ 17,6 - € 2,8	á sólarhring	Skattur í ríkissjóð
Holland	€ 14 á farþega skemmtiferðaskipa við komu til Amsterdam € 6 á farþega skemmtiferðaskipa sem eru yfir nótt í Rotterdam	€ 14 - € 6	einskiptis skattur	Skattur í sveitastjórni
Svalbarði	NOK 150 (€ 12,9) umhverfisskattur á alla ferðamenn til Svalbarða og rennur til Svalbard Environmental Protection Fund.	€ 12,9	einskiptis skattur	Skattur í landssjóð
Færeyjar	DKK 65 (€ 8,7) einskiptisskattur á farþega við hverja komu til Færeyja	€ 8,7	einskiptis skattur	Skattur í ríkissjóð
Grænland	DKK 50 (€ 6,7) hámark á hvern farþega við hverja hafnarkomu. Sveitarfélög velja hvort og hversu mikið þau rukka, en þó að hámarki DKK 50	€ 6,7	á hafnarkomu	Skattur í sveitastjórni
Þýskaland	€1 gistináttaskattur á farþega á nótt, hvort sem gist er í skipi eða landi	€ 1	á hverja nótt	Skattur í sveitastjórni
Noregur	Skattur á farþega skemmtiferðaskipa er fyrirhugaður en endanleg útfærsla liggur ekki fyrir, verður á forræði sveitarfélaga	€ 0		
Skotland	Skotland er að skoða möguleika á sértækum sköttum á forræði sveitarfélaga	€ 0		
Írland	Engir skattar á farþega skemmtiferðaskipa	€ 0		
Bretland	Engir skattar á farþega skemmtiferðaskipa	€ 0		
Danmörk	Engir skattar á farþega skemmtiferðaskipa	€ 0		

1) Heimildir: Visit Greenland, AECO (Arctic Expedition Cruise Operators), CLIA (Cruise Line International Association), Cruise Norway, Cruise Denmark, Cruise Britain, Cruise Gate Hamburg, Port of Rotterdam & Port of Amsterdam

2) Gengi: Seðlabanki Íslands október 2025

Sigurður Jökull Ólafsson

Framkvæmdastjóri Cruise Iceland